

## Ágætu félagar.

Það er alltaf áskorun að standa hér fyrir framan ykkur og fara yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári.

Alltaf finnst mér samt jafngaman og geta sagt frá því mikla starfi og fórnfýsi sem margir félagsmenn leggja á sig til að halda uppi öfluglu félagsstarfi og ekki síst að berjast fyrir auknum launum og réttindum fyrir sig og aðra félagsmenn.

Trúnaðarmennirnir okkar eru lykillinn að því að við höfum þennan kraft og vilja. Það var gaman sl. vor að sjá hvernig félagsmenn stóðu saman þegar farið var í verkfallsaðgerðir til að koma Samtökum atvinnulífsins að samningaborðinu.

Það var ekki hægt að tala um að menn hafi ekki virt verkfallið og þarna voru flestir að taka þátt í verkfalli í fyrsta sinn.

Það var svolítið um það að menn gengu í verkstjórafélagið til að sleppa við verkfallið. Reyndar hef ég velt því fyrir mér hver stjórnir orðið á sumum vinnustöðum, þar sem verkstjórar eru orðnir nokkuð margir.

Þar með er ég ekki að segja að þeir hafi ekki verið verkstjórar áður, en verkfallið hafi minnt þá á að vera í réttu félagi.

Annað sem kom í ljós í verkfallinu var að nokkuð var um að starfsmenn væru í öðrum félögum þótt þeir væru að vinna eftir okkar samningum og töxtum.

Í sumum þessara tilfella bera menn við félagafrelsi. Þetta þýddi að þeir voru ekki í verkfalli og hirtu svo ávinningin þegar búið var að semja.

Félagafrelsi er skilgreint þannig að viðkomandi atvinnurekanda ber samkvæmt kjarasamningum að greiða gjöld til þess félags sem er með samningsréttinn fyrir viðkomandi starfsgrein. Starfsmaðurinn ákveður sjálfur hvort hann vill vera félagsmaður eða ekki, en vinnuveitandi hans verður að greiða gjöldin til félagsins.

Hafið þökk fyrir góða samstöðu, þessi samstaða hjálpað okkur samningamönnum mjög mikið að ná miklu betri samningum en ella þar sem atvinnurekendur sáu að mönnum var full alvara. Í þessum samningum náðum við þó að semja um að þeir sem eru á lægri launum fengu hlutfallslega meira en þeir sem voru með hærri launin.

Launþegar stóðu samt ekki saman um þetta og eftir niðurstöðu gerðardóms í deilu BHM og Hjúkrunarfræðinga var þessu snúið við, þannig að þeir sem voru með hærri laun fengu meira. Það verður að segjast að það voru mikil vonbrigði fyrir okkur.

Í byrjun þessa árs var gerður viðbótarsamningur sem jafnaði þetta misræmi sem varð eftir gerðardóminn. Aðrir samningar við ríki og sveitarfélög fyrir félagsmenn okkar voru byggðir á niðurstöðu gerðardómsins.

Þar hjálpaði okkur samstaðan sem náðist í svokölluðu Salek- samkomulagi sem mikið hefur verið deilt um.

Ég fullyrði að t.d. samningarnir við sveitarfélögin hefðu ekki náðst á þeim nótum, nema af því að þetta SALEK-samkomulagið var gert.

Á þessu ári eru 100 ár liðin síðan Alþýðusamband Íslands var stofnað og ljóst að mikið hefur gerst á þessum 100 árum, en alltaf finnst manni það vera sömu málin sem eru á dagskrá ár eftir ár, að reyna að semja um mannsæmandi laun til að bæta kjörin og verja þau réttindi sem stéttarfélögin hafa náð.

Það er raunar ótrúlegt að geta ekki, eftir þessi hundrað ár, sagt að við höfum náð takmarkinu!

En ef við lítum til upphafsins, höfum við samt náð afar miklum árangri, en það verður aldrei einhver lokasigur, þetta er langhlaup, sem aldrei lýkur.

Ég tel að menn séu ekki í raun að meta allt sem hefur áunnist. Það eru margir, sérstaklega yngra fólkið, sem hugsa ekki út í að þessi réttindi hafi ekki bara alltaf verið, gera sér ekki grein fyrir baráttunni sem réttindin hafa kostað í gegnum tíðina.

Þeir sem hafa stöðu til þess að semja sjálfir um laun sín við vinnuveitandann eru margir hverjir neikvæðir út í stéttarfélögin og telja að ekkert sé með þau að gera, því þeir vilja túlka það svo að félögin séu ekkert að gera fyrir viðkomandi þó að kauphækkunin sé jafnvel sú sama og félagið hefur samið um.

En af hverju eru menn með orlof, veikindarétt, sjúkrasjóði, lífeyrissjóði, samning um 40 stunda vinnuviku svo ég tali nú ekki um atvinnuleysisbætur ef menn missa vinnuna.

Þetta er bara hluti af því sem hefur náðst í sameiginlegri baráttu á þessum 100 árum.

Í febrúar síðast liðnum voru 110 ár frá því að samfelldt starf stéttarfélaganna á Akureyri hófst með stofnun Verkamannafélags Akureyrar, sem nú er Eining-Iðja, en þau félög sem hafa sameinast eru alls 24 á öllu félagssvæðinu.

Nú er verið að skrifa sögu þessarra félaga og það gerir Jón Hjaltason sagnfræðingur, með dyggri aðstoð starfsmanna Einingar-Iðju, þeirra Þorsteins E. Arnórssonar og Sigrúnar Lárusdóttur.

En þótt stéttarfélögin eigi langa sögu og verkefni í dag séu í mörgu lík því sem var í upphafi þá steðjar að ný ógn. Nú er til siðs að auglýsa eftir erlendum sjálfboðaliðum til vinnu og að þeir eigi að kynnast landinu og fá fæði og húsnæði fyrir vinnuna.

Við höfum frétt af um 30 aðilum hér á Eyjafjarðarsvæðinu sem reyna að nýta sér þetta. Nú hefur komist á samstarf milli stéttarfélaganna hér í Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslum að ráða sérstakan verkefnisstjóra til að sinna eftirliti með þessum aðilum og fleirum, einnig að skoða vinnustaðaskilríki og koma upp um svarta vinnu, ásamt því að hafa augu og eyru opin fyrir mögulegu mansali.

Þessi starfsmaður verður með starfsaðstöðu á skrifstofu Einingu-Iðju, hann mun líka vinna í samstarfi við opinbera aðila, svo sem skattinn, vinnumálastofnun og vinnueftirlitið.

Ég fagna því að samstaða náðist um ráðninguna.

Einn réttur ekkert svindl er kjörorðið okkar. Það er ekki hægt að leyfa mönnum að svindla á fólki, einnig er gott að opinberir aðilar komi að þessu verkefni af fullum þunga.

Félagið réð Gallup til að gera launakönnun nú í haust, eins og undanfarin ár. Þetta var í fimmta skipti sem þetta er gert.

Nú erum við farin að geta séð betur en við gerðum hvernig launaþróun er á milli hópa og einnig launamun á milli kvenna og karla.

Það var eiginlega áfall að sjá að launamunur kynjanna hefur aukist á milli ára, konum í óhag og hlítur það að vera stórt verkefni fyrir okkur að reyna finna lausn á því.

Könnunin sýndi að mikil ánægja er með þjónustuna okkar eins og undanfarin ár, það voru um 95% ánægð með hana. Þetta er stjórn og starfsfólki félagsins mikil hvatning og ánægjulegt að fólki líki það sem gert er.

Það var einnig spurt um launaseðla í könnunni og kom í ljós að 12% félagsmanna skoða ekki launaseðlana sína og þeir sem sjaldnast skoða þá er aldurshópurinn 35-44 ára, ekki yngsta fólkið, eins og flestir myndu halda.

Það að skoða ekki launaseðlanna sína býður upp á að ef einhver mistök eru gerð þá er erfitt að leiðrétta. Við verðum í auknum mæli vör við að fólk kemur alveg af fjöllum þegar vitleysur koma í ljós.

Við munum halda áfram að gera þessar kannanir svo að við getum enn frekar skoðað hvernig þróunin er á hinum ýmsu málum.

Félagið hefur farið með nokkur mál fyrir dóm á árinu, sérstaklega sem snúa að slysarétti og hafa þau bæði unnist og tapast. Nýlega töpuðum við máli sem var þannig að félagsmaður var að vinda tuskuna og það brast eitthvað í hendinni.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri ekki vinnuslys, en ef viðkomandi hefði hrasað með tuskuna í hendinni á leið að vaskanum þá hefði þetta verið vinnuslys!

Í lögum er kveðið á um að það þurfi eitthvað „utanaðkomandi“ að gerast til að það sé vinnuslys.

Eftir ýmsa dóma sem hafa tapast spyr maður sig hvort það sé þannig að stór hluti þeirra sem lenda í slysum á vinnustað sé ótryggðir þar sem ekki er um utanaðkomandi ástæðu fyrir slysinu. Þá er spurningin hver er þá ábyrgð atvinnurekenda?

Lendir kostnaðurinn þá á þeim þar sem þeirra tryggingafélag og Sjúkratryggingar viðurkenna ekki slysið?

Lögfræðingar okkar eru nú að skoða málin betur hvað þetta varðar. Við erum einnig að fara með tvö mál fyrir Félagsdóm. Það hefur verið mikið um allskonar mál sem við höfum þurft að leita til lögfræðinga með.

Síðasta starfsárið einkenndist af samningum og aftur samningum en nú verður hlé á því í smá tíma, nema samningar við Beckromal sem losna í byrjun næsta árs.

Allskonar vinnustaða-samningar og önnur ákvæði þarf líka að semja um og auðvitað er alltaf nóg að gera.

Í vetur höfum við varaformaður félagsins átt tugi vinnustaðafunda þar sem trúnaðarmenn hafa ákveðið fundina, þessu verður haldið áfram. Þetta hafa verið mjög skemmtilegir og fróðlegir fundir fyrir okkur og vonandi líka fyrir þá sem hafa mætt.

Við stefnum að því að komast á hvern vinnustað ekki minna en einu sinni á ári.

Það getur reyndar orðið snúið þar sem um 750 atvinnurekendur eru á félagssvæðinu.

Í janúar sl. var auglýst eftir starfsmanni í stað Þorsteins sem mun hætta störfum þann 1. nóvember nk. 60 manns sóttu um starfið og var ráðningarferlið í gegnum Capasent, Hafdís E. Ásbjarnardóttur, ný útskrifaður lögfræðingur frá Háskólanum á Akureyri var ráðin og gerum við okkur vonir um að geta meðal annars nýtt menntun hennar til aukinnar þjónustu við félagsmennina og þannig dregið úr starfi aðkeypra lögfræðinga.

Hún hóf störf 1. apríl sl.

Á Dalvík er starfsmaður okkar hún Íris Hauksdóttir í fæðingarorlofi og hefur Helga Níelsdóttir leyst hana af. En að öðru leiti hefur starfsfólkið verið það sama.

Öllu þessu fólki þakka ég góð störf, og könnunin sem ég nefndi áðan segir okkur að við erum að gera góða hluti, það er líka okkar markmið og skylda.

Afkoma félagsins er nokkuð góð m.v. að kostnaður við samninga var mikill. Sjúkrasjóðurinn er reyndar alltaf tæpur en stendur þó betur nú en í fyrra.

Um síðustu áramót hækkuðu endurgreiðslurnar úr sjóðnum nokkuð og dagpeningar hækka m.v. launahækkarnir þar sem félagsmenn fá dagpeninga sem eru 80% af launum sl. 6 mánuða..

Stór þáttur í rekstrinum er starfssemin sem við sjáum um fyrir Virk starfsendurhæfingasjóð, en í nokkur ár höfum við séð um þessa þjónustu.

Fjórir starfsmenn okkar sjá um þetta starf og alls hafa um 200 verið í þjónustu hjá þeim á síðasta ári og í dag eru um 47 manns hjá hverri um sig eða alls um 188 manns hér á Eyjafjarðarsvæðinu þetta er frábært og ekki síst vegna þess að svo margir fara beint á vinnumarkað eftir þá þjónustu sem Virk veitir.

Ég vil nefna að yfir 200 manns eru í stjórnnum og ráðum hjá Eining-Iðju, sem er gríðalegur fjöldi, svona mörg náum við líka betur utan um okkar verkefni.

Hafið öll mikla þökk fyrir ykkar vinnu og elju í starfi stéttarfélagsins Einingar-Iðju.

Ég fullyrði að við höfum mikinn kraft og vilja til góðra verka þótt við séum ekki alltaf að mikla okkur af þeim í fjölmiðlum.

Ég gæti nefnt svo margt til viðbótar úr okkar starfi en læt skýrsluna segja meira um okkar hefðbundnu starfssemi.

Í lok árs 2015 voru 186 félagsmenn Einingar-Iðju á atvinnuleysisskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga félagsgjöld af bótunum sínum.

Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fjölgun um þrjá manns frá árinu á undan.

Álagið á skrifstofur félagsins var mikið eins og oft áður. Starfsmenn fá margar spurningar varðandi kaup og kjör, en slíkum fyrirspurnum hefur fjölgað mjög undanfarin ár.

Greinilegt er að fræðsla fyrir unga fólkið er að skila sér, en í um 15 ár hefur félagið beitt sér fyrir fræðslu í öllum tíundubekkjum á Eyjafjarðarsvæðinu og í öllum 1. bekkjum í VMA og stundum í MA líka.

Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga.

Pacta er einnig með nokkuð mörg mál í gangi varðandi innheimtu á ógreiddum félagsgjöldum hjá fyrirtækjum.

Miðasala í Hvalfjarðargöngin er þjónusta sem félagið veitir, og er heilmikið notuð, miðinn kostar núna 635 krónur.

Í fyrra seldi félagið um 10.000 miða og því spöruðu félagsmenn alls um 3.650.000 krónur með því að kaupa miða hjá félaginu í stað þess að borga 1.000 krónur við gangamunnann.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 7.395. Þeir sem greiða ekki félagsgjöld í sex mánuði fá bréf frá félaginu og eru í framhaldinu strikaðir út af félagaskrá.

Einnig eru send út bréf tvisvar á ári þar sem greiðandi utanfélagsfólki er boðið að ganga í félagið.

Ef þeir afþakka ekki, er litið svo á að þeir óski eftir inngöngu. Fjöldi félaga og breytingu á milli ára má sjá á bls. 3.

4.533 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 851 fengu starfsmenntastyrki, 2.235 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.245 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 202 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Þetta eru um 62% félagsmanna, miðað við um 58% á árinu þar á undan.

Hermann Brynjarsson mun fara yfir reikninga félagsins hér á eftir, en á bls. 3 í skýrslunni má sjá lykiltölur og samanburð við árið á undan.

Ef við lítum á helstu styrki úr félagssjóði á síðasta starfsári, þá fengu Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn sameiginlegan styrk að upphæð kr. 800.000, Krabbameinsfélag Akureyrar fékk kr. 350.000 og einnig kr. 300.000 vegna söfnunar fyrir ómtæki, Iðnaðarsafnið á Akureyri kr. 160.000. og Aflið kr. 100.000.

Á bls. 4 má finna fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2015. Alls fengu 215 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 96.440.346 og 2.020 manns fengu styrki að upphæð kr. 22.821.524.

Það voru því samtals 2.235 félagsmenn sem fengu greidda styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 119.261.870.

Félagið stóð fyrir fjölmörgum námskeiðum á starfsárinu. Haldin voru nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu.

Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum og er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á slík námskeið því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Í haust stóð til að halda starfslokánámskeið út með firði en ekki reyndist næg þátttaka til að halda það. Stefnt er á að halda slíkt námskeið á Akureyri síðar á árinu.

Í október og nóvember tóku 17 félagsmenn þátt í dyravarðanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Sýslumannsembættið.

Í nóvember hélt félagið þrjú námskeið í hvernig eigi að búa til jólastjörnur. Kennari var Linda Óladóttir. Tvö þeirra voru haldin á Akureyri og eitt í Fjallabyggð. 27 félagar tóku þátt í þessum þremur námskeiðum.

1. mars sl. var haldið námskeið fyrir félagsmenn þar sem kennt var hvernig eigi að skreyta snittur og brauðtertur. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og komust færri að en vildu.

Námskeiðið fór fram á Amts kaffi Ilm á bókasafninu á Akureyri, leiðbeinandi var Þórhildur Þórhallsdóttir matreiðslumeistari.

Boðið var upp á ýmis önnur námskeið, en því miður var ekki næg þátttaka til að halda þau.

Á síðustu árum hefur aukist mjög að fólk fari á ýmis námskeið sér til gagns og gamans, vegna vinnunnar, til sjálfstyrkingar og tómstunda. Þetta er mun auðveldara eftir að starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt voru stofnaðir.

Alls fengu 851 félagsmenn, 551 kona og 336 karlar einstaklingsstyrki úr sjóðunum árið 2015. Þetta er fjölgun um 126 styrki frá árinu áður. Upphæðin sem þau fengu var tæplega 5,5 milljónum hærrí en árið áður, eða kr. 32.483.075.

Á bls. 4 sjáið þið aldursdreifingu styrkþega og yfirlit yfir helstu námskeið. Tengiliður við Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt er Brynja Skarphéðinsdóttir og hefur hún einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu.

Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið sem félagið heldur. Gott er að fá hugmyndir frá félagsmönnum um námskeið.

Á árinu 2015 voru átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins og þar með taldar tvær sjúkrafélagshús. Félagið tók fjölda orlofshúsa á leigu eða skipti á húsum við önnur félög víðsvegar um landið yfir sumarið.

Félagið úthlutaði 270 orlofsstyrkjum sem við köllum “Vika að eigin vali”, hver styrkur var að hámarki 19.000 krónur.

Nýting orlofshúsanna er mjög góð. Nánar má skoða nýtingu þeirra á bls. 5 í skýrslunni.

Ég vil minna á að gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp. Í leigusamningum stendur að leigutaki skuldbindi sig til að borga 25.000 króna sekt við brot á þessari reglu.

Ég vil líka minna félagsmenn á að ganga vel um orlofshúsin og íbúðir félagsins þær eru jú eign okkar allra.

Fyrir rúmu ári síðan tók fyrirtækið Sólar ehf. við allri umsjón á íbúðunum okkar í Reykjavík. Nú þarf leigjandi ekki lengur að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en ég minni á að auðvitað þarf samt sem áður að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Félagið stóð fyrir tveimur orlofsferðum á síðasta ári. Ekki þremur eins og undanfarin ár, en hætta þurfti við utanlandsferðina vegna dræmrar þátttöku. 45 fóru í „Fjallaferðina“ þar sem farið var um Vestfirði.

Rúmlega 50 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn, en nú var ekið austur í Kelduhverfi, þaðan var farið að Dettifossi og svo í Mývatnssveit.

Stjórn félagsins hélt 11 stjórnarfundum á starfsárinu. Margt var tekið fyrir á þessum fundum m.a. verkföll, samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Á hverjum stjórnarfundum í félaginu fá stjórnarmenn afhent uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin alltaf hvernig staðan er, miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

Á bls. 7 til 10 í skýrslunni er farið yfir helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundunum.

Tveir fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu.

Á fyrri fundinum fór Björn yfir stöðu samningamála og gengið frá listum stjórnar og trúnaðarráðs á AN þing og þing SGS sem fram fóru í október.

Á fundinum mætti Jón Hjaltason sagnfræðingur sem vinnur nú við að rita sögu félagsins og fór yfir hvernig gangi með söguritunina. Hann sagði m.a. frá því hvað hefði komið honum skemmtilega á óvart, hvernig vinnan færi fram og kom með nokkra skemmtilega punkta sem hann hefur grafið upp.

Á seinni fundinum var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2016/2017 og skilafrest lista.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, mætti á fundinum og sagði frá verkefninu „Einn réttur ekkert svindl“ sem var nýlega hafið.

Hann sagði m.a. frá fjölmörgum dæmum úr raunveruleikanum hvernig gengið væri á rétt starfsfólks, sérstaklega gagnvart unga fólkinu og erlendu vinnuafli.

Hann talaði líka um keðjuábyrgðina sem stéttarfélagin vilja koma í gagnið, en það þýðir að aðalverktakinn beri ábyrgð á öllum undirverktökunum sem koma að verkinu.

Hann sagði að þessa óværu sem væri að skjóta rótum á íslenskum vinnumarkaði verði að uppræta sem fyrst.

Á fundinum var samþykkt ályktun vegna kjaradeilu starfs-fólks í álverinu í Straumsvík.

Uppstillinganefnd kom tvisvar saman og gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Fjórir fundir voru haldnir í samninganefnd á starfsárinu, Á bls. 6 í skýrslunni má sjá hvað fór fram á þeim fundum.

Almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar á árinu. Kosnir voru svæðisfulltrúar og varamenn þeirra á Dalvík, Siglufirði og í Hrísey.

Svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins og varasvæðisfulltrúar í trúnaðarráð.

Í júní hélt félagið sex félagsfundum þar sem kynntur var nýr samningur við Samtök atvinnulífsins.

Einnig voru haldnir nokkrir kynningar-fundir á nýjum beitningarsamningi og vegna nýrra samninga við ríki og sveitarfélög.

Í byrjun nóvember hélt félagið fund í Hofi þar sem Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fór yfir samkomulag SALEK hópsins sem skrifað var undir nokkrum dögum áður.

Fjölmargir fundir hafa verið hjá félaginu vegna starfsmats hjá sveitarfélögum á svæðinu. Þá hafa trúnaðarmenn í sömu starfsgrein komið saman og farið í gegnum forsendur sem matið er byggt á fyrir þeirra störf og kannað hvort aðstæður hafi breyst svo hægt sé að óska eftir endurmati.

Búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi á árinu. Á þeim hafa átt sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna.

Trúnaðarmenn hafa verið hvattir til að vera duglegir að halda slíka vinnustaðafundi með starfsmönnum félagsins.

Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Aðalfundir starfsgreinaeildanna fóru fram í febrúar og var sama fyrirkomulag á fundunum nú eins og undanfarin ár. Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Hjalti og Lára fluttu ljúfa tóna áður en boðið var upp á kaffiveitingar. Svo hélt hver deild fyrir sig sinn hefðbundna aðalfund. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf.

Allir fundirnir tókust vel, en voru misvel sóttir eins og gengur.

Formenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins og varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Í apríl var haldinn aðalfundur Lífeyrissjóðsins Stapa.

Í október fór fram þing SGS í Reykjavík og einnig AN þing á Illugastöðum.

Á bls. 10 má lesa nánar um þessi þing og fund, þar sem Eining-Íðja átti að sjálfsögðu fulltrúa.

Eins og venjulega gaf félagið út þrjú blöð á árinu; orlofsblað, sumarblað og desemberblað. Öll blöðin voru borin í öll hús á félagssvæðinu í rúmlega 11.000 eintökum og hefur það mælst vel fyrir.

Heimasíðan var, eins og undanfarin ár, bæði vel virk og vel sótt af félagsmönnum. Lögð er áhersla á að upplýsingar á síðunni séu sem aðgengilegastar og settar fram á greinargóðan hátt.

Fjölmargir félagsmenn nota félagavefinn og flestir launagreiðendur nota launagreiðendavefinn okkar.

Ég hvet alla þá sem ekki eru búnir að sækja um aðgang félagavefnum að gera það.

Eins og ég sagði áðan er heimasíðan vel virk. Þeir sem áhuga hafa á að fá sendan tölvupóst þegar síðan er uppfærð eða frétt sett inn á hana geta skráð sig á einfaldan hátt á póstlista félagsins.

Síðan er skalanleg og því auðvelt mál að skoða efnið á henni hvort sem það er gert í tölvu, spjaldtölvu eða síma. Síðan aðlagar sig alltaf að stærð þess tækis sem hún er skoðuð í.



Starfsmenn félagsins eru:

Anna Júlíusdóttir, Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Hafdís E. Ásbjarnardóttir, Helga Níelsdóttir (sem er að leysa af á Dalvík á meðan Íris er í fæðingarorlofi), Íris Björk Árnadóttir, Íris Hauksdóttir (sem mun snúa aftur til starfa 1. júlí úr fæðingarorlofi), Margrét Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson.

Elsa Sigmundsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Nicole Kristjánsson og Svana Rún Símonardóttir eru ráðgjafar hjá VIRK.

Við, sem störfum á skrifstofunni þökkum fyrir öll góðu samskiptin á árinu og vonum að okkur hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með til okkar, hvort sem var í heimsóknnum, síma eða á neti.

Vonandi eigum við góð samskipti áfram og berum gæfu til að gera góða hluti á komandi starfsári.

Að lokum vil ég þakka öllum sem ég hef starfað með á árinu.

Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á skrifstofunni og á fundum, og ekki síst á förnum vegi.

Takk fyrir mig og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins.